

Samþykki til öflunar lögregluskýrslna og annarra gagna frá lögreglu

I. Grunnupplýsingar

Einstaklingur _____ Kennitala _____
Heimilisfang _____ Póstnúmer _____ Staður _____
Sími / Farsími _____ Netfang _____

II. Upplýsingar um tjónsatvik

Dagsetning tjónsatviks _____ Tjónsstaður _____
Skráningarnúmer ökutækis _____ Lögregla frá (staður) _____

III. Upplýst samþykki til vinnslu persónuupplýsinga og öflunar gagna

Ég, undirritaður(uð), veiti hér með Verði tryggingum hf. óskoraða heimild til þess að afla upplýsinga vegna ofangreinds tjónsatviks, allt eftir því sem nauðsynlegt þykir vegna meðferðar þessa máls.

Ég heimila félaginu að afla upplýsinga frá lögreglu þ.m.t. til aðgangs að lögregluskýrslum og öðrum gögnum sem til eru hjá lögreglu s.s. framburðarskýrslur, vettvangsupprætti, myndir og niðurstöður blóðsýnarannsóknna, allt eftir því sem nauðsynlegt þykir samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Ég veiti auk þess Verði heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum s.s. lögregluskýrslu og öðrum nauðsynlegum gögnum á grundvelli þessa samþykkis, til annarra tryggingafélaga eftir því sem við á.

Tilgangurinn með öflun þessara upplýsinga er sá að félagið þarf að geta metið ábyrgð sína skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Heimildin til upplýsingaröflunar er nauðsynleg vegna framkvæmdar váttryggingarsamnings, auk þess sem hún byggist á lagaheimild til upplýsingaöflunar á grundvelli laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, á grundvelli umferðarlaga nr. 50/1987 og enn fremur með vísan til skaðabótalaga nr. 50/1993.

Mér er kunnugt um að Vörður tryggingar hf. mun nota upplýsingar þessar eingöngu við meðferð málsins hjá félaginu og að aðgangur að þessum upplýsingum hjá félaginu er eingöngu í höndum þeirra aðila sem annast afgreiðslu tjóna. Aldrei er kallað eftir ítarlegri upplýsingum en nauðsynlegt er vegna meðferðar málsins. Upplýsingarnar eru ekki geymdar lengur en þörf er á fyrir vinnslu þeirra. Vörður fer með meðhöndlun upplýsinganna í samræmi við gildandi lög um meðferð persónuupplýsinga.

Ég geri mér grein fyrir að mér er heimilt að afturkalla samþykki mitt til upplýsingaröflunar félagsins á grundvelli laga um persónuvernd. Ég geri mér grein fyrir því að þar sem umrædd upplýsingaöflun er forsenda fyrir váttryggingarsamningi þessum og þar með greiðslu bóta, og getur afturköllun haft í för með sér að félagið getur slitið samningnum eða að ekki eru greiddar út bætur þar sem félagið hefur ekki forsendur til að meta bótaskyldu.

Staður og dagsetning

Undirskrift